

Velferðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

16. maí 2023

**Umsögn ÖBÍ - réttindasamtaka um frumvarp til laga um um breytingu á húsaleigulögum, nr. 36/1994 (réttarstaða leigjenda íbúðarhúsnæðis og leigubremsa), þskj. 1409, mál 898.**

Aðgengi að öruggu og viðunandi húsnæði er ein af grundvallar forsendum þess að skapa velsældarsamfélag á Íslandi. Aðgengi að húsnæði eitt og sér dugar þó skammt ef byrði húsnæðiskostnaðar er of þung. Þetta á sérstaklega við um þá hópa samfélagsins sem standa hvað höllustum fæti, t.a.m. fólk á örorkulífeyri.

ÖBÍ – réttindasamtök fagna tilgangi og markmiðum frumvarpsins. Í greinagerð frumvarpsins er m.a. fjallað um aðstæður fatlaðs fólks á leigumarkaði og það háa hlutfall ráðstöfunartekna sem örorkulífeyristakar greiða til rekstur húsnæðis. Jafnframt vilja ÖBÍ koma á framfæri eftirtöldum athugasemdum, frumvarpinu til stuðnings.

I.

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands um stöðu á húsnæðismarkaði eftir gerð húsnæðis árið 2021 voru 78% svarenda húsnæðiseigendur. Þegar litið er til rannsóknar á húsnæðismálum fatlaðs fólks (RHFF) sem unnin var af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir ÖBÍ – réttindasamtök, kemur í ljós að 58% fatlaðs fólks býr í eigin húsnæði sem er 20% munur. Þá er vert að nefna að 70% fatlaðs fólks sem býr í eigin húsnæði var ekki með örorkumat þegar þau eignuðust húsnæði sitt. Því er ljóst að staða örorkulífeyristaka er talsvert verri og ójöfn miðað við aðra þjóðfélagshópa þegar horft er til þeirrar hörðu samkeppni sem ríkir á húsnæðismarkaði.


II.

Samkvæmt RHFF eru 15% svarenda á almennum leigumarkaði. Við nánari athugun um upplifun af almennum leigumarkaði kom fram að 65% svarenda með 75% örorkumat fannst mjög eða frekara erfitt að fá leigt húsnæði á almennum markaði. Skortur á leiguhúsnæði og uppsprengt leiguverð spila þar lykilhlutverk og neyðir þann hluta fatlaðs fólks sem vill og getur búið sjálfstæðu lífi á almennum leigumarkaði inn á félagslegan leigumarkað. Þar er biðin eftir félagslegu leiguhúsnæði oft löng og strembin og dæmi eru um að fatlað fólk hafi neyðst til að flytja inn á ættingja eða orðið heimilislaut. Það er því brýnt að tryggja þessum hópi fólks öruggt húsaskjól og fjárhagslegt aðgengi að almennum leigumarkaði.

***Ekkert um okkur án okkar!***

Með vinsemd og virðingu,

  
Þuríður Harpa Sigurðardóttir  
formaður ÖBÍ

  
Kjartan Þór Ingason  
verkefnastjóri ÖBÍ